

Fundargerð 42. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 10. desember 2013 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason og Anna G. Sverrisdóttir.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Styrkur 13-272 - Göngubrú yfir Markarfljót – ósk um breytingu

Eftirfarandi gögn voru lögð fram og rædd

- Bréf dagsett 5.12.2013 ritað af Skúla Skúlasyni fyrir hönd Vina Þórsmerkur

Vinir Þórsmerkur óska eftir breytingum á styrk. Í stað hönnunarsamkeppni yrði hönnun brúarinnar í höndum Vegagerðar ríkisins. Umræða fór fram um hvort verkefnið sé það breytt að hægt sé að veita styrkinn. Ræddir voru þeir möguleikar að afturkalla styrkinn, óska eftir nýrri umsókn eða fara þá leið að fella niður þann hluta styrksins sem snýr að hönnun.

Niðurstaða: Björn kallar eftir nýrri kostnaðaráætlun til að leggja fyrir stjórn.

2. Yfirferð umsókna.

Eins og fram kom í síðustu fundargerð leggur stjórnin áherslu á yfirferð umsókna haldi áfram þar sem gera má ráð fyrir að flestir umsækjendur munu láti umsókn sína gilda í úthlutun 2014. Björn gerði grein fyrir því hvar matið stæði og sýndi stjórnarmönnum þær breytingar sem gerðar hafa verið á kerfi NMÍ til að einfalda yfirferð.

Stjórnin áréttar mikilvægi þess að halda yfirferð umsókna áfram og er Birni falið að halda áfram að meta umsóknir.

3. Verkferlar Ferðamálastofu

Björn sendi drög að verkferlum við styrkveitingu og áréttaði að þetta væri vinnuskjal fyrir starfsmann (verkefnisstjóra) Ferðamálastofu um meðferð umsókna. Guðjón gerði athugasemd við lið 7 þar útlista þarf betur samstarfi stjórnar og verkefnisstjóra og lið 19 þar sem orðalag er óskýrt.

Niðurstaða: Stjórnarmenn senda Birni athugasemdir í tölvupósti. Skjalið verður svo lagt fram formlega með dagsetningu fyrir fund stjórnar.



4. Styrkur 13-016 - Sólheimajökull – ósk um breytingu

Fyrirliggjandi gögn:

- Framvinduskýrsla dagsett 30. nóvember 2013
- Verkáætlun með upphaflegu umsókn

Farið var yfir framvinduskýrslu þar sem óskað er eftir að fresta verkefni og nýta þá fjármuni sem áttu að fara til verkþáttarins „heildarskipulag“ í áframhaldandi frágang og viðhald á svæðinu.

Niðurstaða: Sá hluti styrksins sem snýr að „heildarskipulagi“ kr. 1.100.000 fellur niður. Björn kallar eftir lokaskýrslu og sér um að eftir stöðvar styrksins séu gerðar upp.

5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Anna talar um einhliða blæbrigði í skýrslunni. Skýrslan endurspeglar ekki stöðuna í dag. Vitneskja Ferðamálastofu um laun stjórnar rædd og telur stjórnin að Ferðamálastofa hafi vitað af stjórnarlaunum og nefna í því sambandi fyrrverandi umhverfisstjóra og fyrrverandi rekstrarstjóra.

Niðurstaða: Stjórnin undirbýr sín viðbrögð með tölvupóstum sín á milli. Sólrún er beðin um að kalla eftir upplýsingum frá Jóni Ágústi, fyrrum rekstrarstjóra Ferðamálastofu um vitneskju hans um laun stjórnar.

6. Önnur mál

Umbótastyrkir Ferðamálastofu ræddir og tengsl þeirra við styrki Framkvæmdasjóðsins.

7. Næsti fundur ákveðinn 7. Janúar kl. 8:30

Fundi slitið kl 10:47

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

A. Þ.
Þannalgs.
LB
50000